

Fundargerð

7. fundur svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum
28. júní 2021 kl. 10:00, húsnæði Háskólasturs Vestfjarða, Ísafirði

Mætt:

Stefán Gíslason (SG), formaður svæðisráðs, stýrði fundi.

Aðrir fulltrúar svæðisráðs: Aðalsteinn Óskarsson (AÓ), Arnór Snæbjörnsson (AS), Ásta Þorleifsdóttir (Áþ), Erla Sigríður Gestsdóttir (ESG), Guðfinna M. Hreiðarsdóttir (GMH), Hafdís Sturlaugsdóttir (HS) og Lilja Magnúsdóttir (LM). Ásta og Erla Sigríður tóku þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað.

Frá Skipulagsstofnun: Ester Anna Ármannsdóttir (EAÁ) og Hrafnhildur Bragadóttir (HB) sem ritaði fundargerð. Ester og Hrafnhildur tóku þátt í fundinum gegnum fjarfundabúnað og sátu fundinn frá kl. 10:30.

Dagskrá fundar:

Samþykkt var að hefja fundinn á dagskrárið 4 og víxla dagskráriðum 2 og 3.

1. Ferlið framundan.

SG fjallaði um stöðu vinnunnar og næstu skref. Skipulagsstofnun vinnur nú að fyrstu drögum að tillögu sem stefnt er að því að ræða á fundi svæðisráðs í byrjun september (8. fundi). Drögin verða send svæðisráðinu viku fyrir fundinn. Í framhaldi af þeim fundi er áætlað að kynna fyrstu drög í heild eða hluta á fundi með samráðshópi sem og sveitar- og hafnarstjórnunum og halda stuttan fund í svæðisráðinu í kjölfarið (9. fund) til að fjalla um framkomnar athugasemdir. Í lok september eða byrjun október er ætlunin að halda fund í svæðisráði (10. fund) til að fjalla um drög að tillögu. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta fyrirkomulag.

2. Nýtingarflokkar í strandsvæðisskipulagi.

EAÁ kynnti yfirstandandi vinnu Skipulagsstofnunar við útfærslu nýtingarflokka og fjallaði sérstaklega um tilgang þeirra, sem er að skapa aðstæður á hverju svæði fyrir mismunandi nýtingu og vernd og stuðla að viðhaldi þeirra aðstæðna. Rætt var um útfærslu og orðalag nýtingarflokka og EAÁ tók fram að Skipulagsstofnun væri að vinna úr athugasemdum sem fulltrúar hafa sent stofnuninni.

AS ítrekaði athugasemdir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem sendar voru Skipulagsstofnun 15. júní, varðandi hvaða orðalag er notað um nýtingu sem ekki er gert ráð fyrir í tilteknum nýtingarflokki. Ræða þurfi hvort ætlunin sé að útiloka alfarið nýtingu sem skilgreind er þannig að hún eigi ekki við í viðkomandi flokki. EAÁ benti á að markmiðið sé að viðhaldha aðstæðum fyrir þá nýtingu sem skilgreind er sem forgangsnýting á tilteknu svæði. Ef tiltekin nýting skerðir möguleika á forgangsnýtingunni sé ekki hægt að gera ráð fyrir henni á viðkomandi svæði. Í skipulaginu þurfi að taka afstöðu til nýtingar, en skipulagið verði endurskoðað ef þörf þykir á.

Rætt var um umboð svæðisráðsins til að afmarka nýtingarflokka. Fram kom hjá SG og EAÁ að skilgreina þurfi nýtingarflokka með almennum hætti fyrir öll strandsvæði landsins. Það verði hugsanlega gert í reglugerð líkt og gert er með landnotkunarflokkum í skipulagi sveitarfélaga. AS lítur svo á að það sé hlutverk svæðisráðsins að skilgreina nýtingarflokka þar sem það sé hluti vinnu við gerð skipulagsstefnu, en að mikilvægt sé að nýta sérfræðibekkingu Skipulagsstofnunar við þá vinnu. Hann telur mikilvægt að kynna fyrir svæðisráðinu ef ætlunin sé að skilgreina nýtingarflokka í reglugerð. SG og EAÁ líta svo á að skilgreining nýtingarflokka og móton skipulagsstefnu séu tvö aðskilin verkefni.

ESG gerði athugasemd við að orkuvinnsla sé aðeins möguleg í einum nýtingarflokki. Samkvæmt fyrirliggjandi drögum að nýtingarflokkunum fari orkuvinnsla ekki saman með neinni annarri nýtingu og þannig sé verið að útiloka orkunýtingarmöguleika til framtíðar, þ.m.t. möguleika sem ekki séu þekktir í dag. Fram kom að orkuvinnsla gæti hugsanlega verið hluti af öðrum nýtingarflokkum þar sem hún sé bó ekki í forgangi.

AS
HS. 1
SS.

OM
A.S.
J.S.

Nokkuð var rætt um ræktun og slátt sjávargróðurs, þ.m.t. möguleg ræktunarsvæði á skipulagssvæðinu. AS ítrekaði athugasemd atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um að sláttur sjávargróðurs falli ekki undir gildissvið laga um skipulag haf- og strandsvæða samkvæmt orðalagi 2. gr. laganna.

3. Vinna við móturn strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum.

EAÁ lýsti vinnu Skipulagsstofnunar við móturn tillögu að strandsvæðisskipulagi. Unnið er annars vegar að stefnuskjali og hins vegar uppdrætti að svæðinu. EAÁ fjallaði um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar og hvernig afrakstur forsendugreiningar, samráðs og umfjöllunar svæðisráðs leggst saman við móturn stefnunnar. Hún vék að álitaefnum sem vaknað hafa varðandi viðmið fyrir nýtingarflokka, m.a. um breidd siglingaleiða, hvernig mismunandi umhverfisverndarsvæði verði afmörkuð og hvernig svæði til staðbundinnar nýtingar verði afmörkuð. Hún sýndi kort af Patreksfirði sem dæmi um hvernig unnið er með upplýsingar um svæðið (m.a. veiðar, siglingaferla, fiskeldi, ferðaleiðir, æðarvarp og verndarsvæði) og áherslur sem eru að mótað í svæðisráðinu.

Rætt var um siglingaleiðir, þ.á m. heiti nýtingarflokksins um umferð og samgöngur og áhrif skipulagsins á ferðir skemmtiferðaskipa. Áþ tók fram að ekki væri til alþjóðleg skilgreining á breidd siglingaleiða, hins vegar verði að vera rými fyrir skip til að geta snúið við. Siglingaleiðir hefðu ekki verið skilgreindar á svæðinu en slíkt væri til umræðu. Rætt var hvort flokkurinn ætti frekar að kallast t.d. „svæði fyrir umferð skipa“ til þess að honum yrði ekki ruglað saman við siglingaleiðir eins og þær eru skilgreindar í reglugerðum.

4. Uppbygging stefnu í strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum.

EAÁ kynnti vinnu Skipulagsstofnunar við uppbyggingu skipulagstillögunnar.

5. Önnur mál.

Rætt var um tengsl skipulagsvinnunnar við afmörkun Hafrannsóknastofnunar á eldissvæðum og um eftirfylgni samþykks skipulags.

Fundargerð var samþykkt.

Fundi var slitið klukkan 13:49.

The image shows five handwritten signatures in blue ink. From top to bottom: 1. "Stefan Gislason" in cursive script. 2. "Guðrún Þórssdóttir" in a stylized, flowing script. 3. "Líðja Magnúsdóttir" in a cursive script. 4. "Þorsteinn Þorleifsson" in a cursive script. 5. "Atla Þórsson" in a cursive script. 6. "Halldís Skuldaugsdóttir" in a cursive script.